



4. Miðstjórnarfundur RSÍ, haldinn föstudaginn 3. september 1999

Dagskrá:

1. Kjaramálaráðstefna RSÍ 1. – 2. október 1999
2. Skipulagsmál ASÍ.
3. Samkomulag um styktarsjóð RSÍ/LÍR.
4. Húsnæðismál v/Stórhöfða.
5. Tilnefning í stjórn Innheimtustofnunar.
6. Orlofsmál.
7. Önnur mál.

Fundur settur kl 11:00

1 . Kjaramálaráðstefna

Dagskrá kjaramálaráðstefnunar var kynnt og ræddar voru ýmsar nýjar hugmyndir og skýrslur sem lagðar verða fram á ráðstefnunni.

Fjallað um kostnaðarskiptingu milli aðildarféлага og RSÍ.

2. Skipulagsmál ASÍ

Innan ASÍ virðist ekkert að gerast til lausnar þeirri deilu sem er uppi vegna skipulagsmála, og engin teikn á lofti sem benda til breytinga. Fram komu áhyggjur yfir sinnuleysi forseta ASÍ. Ef málið leysist ekki fljótlega þyrftu fulltrúar RSÍ í opinberum nefndum á vegum ASÍ segja formlega af sér.

Samkomulag um Styrktarsjóð RSÍ.

Lagt var fram samkomulag milli RSÍ og LÍR vegna Styrktarsjóðs og var það staðfest.

3. Stórhöfði

Lagðir voru fram : Eignaskiptasamningur um Stórhöfða og Stofnsamningur 200 þúsund naglbíta, staðfestir.

Framkvæmdum hefur seinkað nokkuð, en byggingaraðili telur sig geta unnið það upp nú á haustmánuðum

Íslandsþóstur hefur lýst áhuga á að leigja annað húsið fullbúið til 7 ára og verður gengið til viðræðna við þá .

5. Tilnefning í stjórn Innheimtustofnunar

Tilnefndir voru Rúnar Bachmann og Helgi R. Gunnarson til vara.

Samningar um innheimtu gjalda, og samningur um samskipti RSÍ Lífiðnar voru lagðir fram og staðfestir

6. Orlofsmál

Lögð var fram ýtarleg greinargerð frá orlofsnefnd um stöðu mála og hugmyndir um framkvæmdir á næstu misserum. Samþykkt var tillaga um að fresta nýbyggingaframkvæmdum 2001 – 2002 vegna mikilla umsvifa RSÍ við Stórhöfða. Vegna þessa var einnig frestað að selja húsið að Snæfoksstöðum og hætt var við að setja Hraunborgirnar í sölu. Samþykkt var að hefja pottauppsetningar í Ölfusborgum. Þá var einnig ákveðið að lagfæringum á innréttingum í Apavatnshúsunum verði hraðað og skoðað hvort hagkvæmt sé að breyta herbergjaskipan í leiðinni. Mikil umræða fór fram um hvort selja ætti húsin í Skorradal eða ekki, ákveðið var að fresta afgreiðslu, til þess að menn geti kynnt sér staðhætti betur verði farið í skoðunarferð þangað. Skipulagsdrög fyrir svæðið á Apavatni voru lögð fram og var samþykkt að reyna að ná þeim hugmyndum fram hjá skipulagsyfirvöldum.

7. Önnur mál

Lögð voru fram drög að ályktun um bensínverð og var hún samþykkt.

Lögð voru fram drög að ályktun um orkuver á austurlandi og voru þau samþykkt.

Þing Evrópskra byggingamanna verður haldið í byrjun nóvember og var samþykkt að senda tvo fulltrúa þangað.

Fjallað um skipan stjórnar Fræðsluskrifstofu rafiðna.

Greint var frá þeim væringum sem upp hafa komið hjá Ísal þar sem eldri starfsmönnum er fyrirvaralaust sagt upp og skipað út af svæðinu.

Fundi slitið kl. 14:30 Haukur Ágústsson